

Ágrip

Hugmyndin á bak við þessa ritgerð er sú að bjóða upp á efni sem hægt er að nota í samfélagsfræðikennslu á miðstigi. Þessi greinargerð fjallar um *heimabyggðina mína Skagaströnd*, þar sem fram kemur hvernig uppbygging sjávarútvegsins var á Skagaströnd, hvernig Spákonufellshöfði myndaðist, hver Þórdís spákona var og hvað varð þess valdandi að byggð myndaðist í Kálfshamarsvík og fleira.

Markmiðið með greinargerðinni er að búa til kennsluefni sem tengist sögu heimabyggðarinnar, hvernig uppbygging hennar var ásamt lífi fólksins hér áður fyrr. Þetta kennsluefni er sett fram í söguformi. Sagan fjallar um stelpu sem þarf að flytja tímabundið úr borg í sveit.

Efninu fylgja hugmyndir um hvernig nýta má það í kennslu. Umfjöllun er um tvo þekktu fræðimenn, þá Benjamin Bloom og Howard Gardner. Benjamin Bloom er þekktur fyrir flokkunarfræði markmiða og Howard Gardner fyrir fjölgreindarkenninguna en hann telur að allir menn séu með margar greindir en ekki bara eina.